

Alþingi 126/966
Erindi nr. Þ
komudagur 19.1.2001

Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík


nefnasvið@althingi.is

Reykjavík 19. janúar 2001

Efni: Athugasemdir við frumvarp til þjóðminjalaga og frumvarp til safnalaga.

Í bréfi dags. 14. desember 2000 s.l sendi Menntamálanefnd Alþingis undirrituðum frumvarp til þjóðminjalaga og safnalaga til umsagnar. Hjálagt eru athugasemdir undirritaðs við frumvörpin.

Virðingarfyllst



Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri
fornleifadeild þjóðminjasafns

Athugasemdir við frumvarp til þjóðminjalaga og safnalaga

Almennt

Undirritaður tekur í öllum megindráttum undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Félags Íslenskra fornleifafræðinga um frumvörpin.

Þung áhersla er lögð á mikilvægi þess að með nýjum þjóðminjalögum sé skýrt greint á milli stjórnsýslu og annarra þátta minjavörslunnar og að til verði sértök stjórnsýslustofnun sem aðgreind sé frá Þjóðminjasafni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún verði nefnd Embætti þjóðminjavarðar. Í frumvarpinu virðist eiga að færa fornleifadeild Þjóðminjasafns undir embætti þjóðminjavarðar og að safnið eigi ekki að stunda neinar fornleifarannsóknir. Ef sú túlkun er rétt er með frumvarpinu verið að gjörbreyta hlutverki og ábyrgð ríkisins á rannsóknum á menningararfleið þjóðarinnar.

Þó að aðilar utan Þjóðminjasafn stundi fornleifarannsóknir má ekki taka þann rétt af Þjóðminjasafni Íslands. Þar verður að vera áfram starfandi fornleifadeild og öflug rannsóknarstarfsemi. Fyrirhuguð löggjöf þarf að fyrirbyggja að sú starfsemi sem hún mælir fyrir um, brjóti í bága við samkeppnislög. Það má t.d. gera með sérstakri rannsóknarstofnun innan Þjóðminjasafns, eins og heimild er fyrir í núverandi þjóðminjalögum.

Embætti þjóðminjavarðar

Embætti þjóðminjavarðar á að annast stjórnsýsluhlutverk minjavörslunnar. Embættið ætti fyrst og fremst að marka stefnu og gera langtímaáætlanir og annast yfirstjórn minjavörslunnar úti um landið. Embættið ætti að ákvarða um friðlýsingu minja og annast viðhald og kynningu á þeim, veita ráðgjöf um þjóðminjavörslu, veita leyfi til fornleifauppgrafa og annast eftirlit með þeim og taka ákvörðun um örlög fornleifa sem finnast. Það á að veita umsögn vegna skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum. Það er skýrt stjórnsýsluhlutverk sem hefur vaxið mikið að umfangi á undanförunum misserum og eðlilegt að kveðið sé á um það í lögum.

Huga þarf betur að þeim möguleikum sem embætti þjóðminjavarðar eru veittar í því skyni að framfylgja hlutverki sínu. Skort hefur úrræði til að fylgja eftir þeim markmiðum um vernd menningarminja sem þjóðminjalög kveða á um. Viðurlög við því að skemma eða eyðileggja fornleifar þarf að herða.

Embætti þjóðminjavarðar ætti ekki að sinna verkefnum sem eru á samkeppnismarkaði, þ.m.t. fornleifauppgröftum. Útfæra þarf nánar hvernig bregðast á við þegar fornleifar finnast, og rannsókn þarf að fara fram í skyndi t.d. vegna framkvæmda. Hugsanlega væri eðlilegt að Þjóðminjasafnið eða aðrir opinberir aðilar önnuðust slík verk, samkvæmt sérstöku samkomulagi við Embætti þjóðminjavarðar.

Embætti þjóðminjavarðar ætti hugsanlega einnig að annast stjórnsýslu varðandi húsafriðun sem er sambærileg við stjórnsýslu á sviði fornleifaverndar.

Þjóðminjasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands er rannsóknastofnun og höfuðsafn og þarf að öðlast sambærilega stjórnsýslulega stöðu og Listasafn Íslands, þ.e. að það heyri beint undir menntamálaráðuneyti en hafi sjálfstæða stjórn og fjárhag. Rétt er að ítreka það að eitt af verkefnum safnsins á að vera að stunda fornleifarannsóknir, þar með talið fornleifauppgræfti. Til að taka af öll tvímæli þarf að bæta fornleifarannsóknum inn í upptalningu á hlutverki safnsins. Verkefni safnsins sem falla undir samkeppnismarkað skal aðgreina frá annarri starfsemi þess.

Fornleifanefnd.

Það er mjög jákvætt að gera fornleifanefnd að sjálfstæðri stjórnsýslunefnd og að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir á stjórnsýslustigi.

Fornleifasjóður.

Stofnun fyrirhugaðs fornleifasjóðs er fagnaðarefni. Hann þarf bæði að geta styrkt rannsóknir sem stofnað er til að frumkvæði rannsóknaraðila og hins vegar neyðar/björgunarrannsóknir sem gera þarf fyrir framkvæmdaaðila sem hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að kosta rannsókn á minjum sem finnast fyrir tilviljun. Nefna má að flestar skemmdir á fornleifum verða sennilega í sambandi við framkvæmdir í sveitum, nýbyggingar, sléttun túna, skurðgreftir o.þ.h. Þetta gæti stuðlað að því að bændur og aðrir sinntu upplýsingaskyldu sinni betur en nú er raunin

Æskilegast er að sjóðstjórn sé skipuð fagaðilum og verður ekki séð að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eigi þar erindi, nema að sveitarfélög leggi til framlög í sjóðinn.

Ýmsar athugasemdir

Í 7. gr. hefur búsetulandslag verið sett inn í upptalningu á fornleifum. Búsetulandslag er allt of vítt hugtak til þess að hægt sé að nota það í þessu samhengi.

Neyðar- eða björgunarrannsóknir eru ekki endilega einfaldar og skjótunnar, eins og rannsóknirnar að Stóru-Borg og á Bessastöðum eru gott dæmi um, en það eru umfangsmestu fornleifarannsóknir sem fram hafa farið á Íslandi.

Ákvæði um endurskoðun friðlýsingarskrár á þriggja ára fresti er ekki í takt við nútímann. Nú er eðlilegra að skráin sé uppfærð jafnóðum á heimasíðu Embættis Þjóðminjavarðar og Þjóðminjasafns.


Vakin er athygli á þeirri nýju hættu sem skógræktaráttak getur haft á verndun fornleifa. Nauðsynlegt að fornleifaskráning fari fram á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum og að skýrt sé kveðið á um hver beri kostnað í sambandi við hana.

Lokaorð

Undirrituðum finnst skorta á að nægilegt samráð hafi verið haft við ýmsa fagaðila, s.s. fornleifafræðinga, við samningu frumvarps til þjóðminjalaga og að miklu meiri umræðu þurfi að koma til um skipulag minjavörslunnar. Betra er að fara sér hægt í þessu efni og vinna málið betur áður en löggin verða samþykkt.

Sjálfsgagt er að samræma löggjöf um þjóðminjavörslu öðrum lögum, s.s. um skipulag, mat á umhverfisáhrifum og samkeppni.

Virðingarfyllst



Guðmundur Ólafsson
deildarstjóri fornleifadeildar